



Nokkur málverkanna á sýningunni. (Ljósm. Mbl.: Sv.Þ.



Hafsteinn fyrir framan eitt verka sinna, sem nann netnir Hreyfing.

Reyni að hafa sýningarnar fáar en góðar segir Hafsteinn Austmann listmálari

„Ég sæki öll mín mótív í höfuðið á mér og myndirnar verða svona til að sjálfu sér smám saman," sagði Hafsteinn Austmann listmálari þegar við ræddum við hann í gær á málverkasýningu hans á Kjarvalsstöðum. Hafsteinn sýnir 49 myndir á sýningunni og í gær hafði fjöldi manns skoðað sýninguna og 15 myndir höfðu selzt á þeim 6 dögum, sem sýningin hafði staðið. Síðast hélt Hafsteinn málverkasýningu í Bogasal Þjóðminjasafns árið 1970, „ég held að maður eigi að sýna sem sjaldnast og hafa verkin því betri," sagði hann.

Hafsteinn sagði þegar við ræddum við hann, að hann hefði málað mikið að undanförnu, en hann væri ekki að sama skapi ánægður með árangurinn, það væri kannski líka það bezta að vera aldrei of ánægður með sjálfan sig, „maður ofmetnast ekki á meðan."

Myndirnar á sýningunni eru einkum olíumyndir, sem flestar eru nýjar eða nýlegar, svo eru margar myndir sem gerðar eru úr zinkhvítu, glyceríni, límí og fl. en þessa aðferð hefur Hafsteinn notað í 15 ár og segir að gaman sé að fást við. Þá eru sjö aquarelle vatnslitamyndir, sem eru síðan 1965, og eru þær jafnframt langelztu myndirnar á sýningunni. Nýjustu myndirnar, sem eru nr. 19 og 30 á sýningunni eru *olíumálverk og bera þær nafnið Línur* og Hrím.

„Ég hef," sagði Hafsteinn, „fengist við að mála síðan ég var 10 ára. Fyrst lærði ég teikningu hjá Skaprhéðni heitnum Haraldssyni, en síðan fór ég í Myndlistarskólann, þar á eftir til Frakklands þar sem ég var í eitt ár og síðar fór ég til Ítalíu og víðar. Af öllu þessu lærði maður sitthvað, sem maður síðan verður að þróa sjálfur."

Þá sagði Hafsteinn, að hann væri stundum þreyttur á að mála, svo væri víst um flesta málara, en menn byrjuðu víst alltaf aftur. Þeir yrðu að fá einhverja útrás í þessu.

Hsfsteinn, sem er teiknikennari að atvinnu við skólana í Kópavogi sagði þegar við spurðum hann, að bezt fyndist sér að mála eftir hádegið. Húmyndirnar kæmu aldrei á morgnana, og ef hann væri í því stuðinu gæti hann setið og málað fram til miðnættis.

Athugasemd um stöðuvatn í Lýtingsstaðahreppi

Í Morgunblaðinu 20. þ.m. skrifar presturinn á Mælifelli í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði, sr. Ágúst Sigurðsson, greinarkorn um virkjun Svartár í Reykjafossi. Greinarkorn þetta er með þeim hætti, að ekki verður undan því vikist að gera við það athugasemdir.

Sóknarbörn viðkomandi prests munu að langmestum hluta vera í landeigendafélagi því, sem á sínum tíma gerði samning við Veiðivötn h.f. um gerð laxastiga í Reykjafossi og fiskirækt í Svartá ofan Reykjafoss. Segja má að gönguvegir fiska séu engir guðsvegir og þurfi því aðra þekkingu til að bera til að fjalla um fiskvegarlagningu. Hitt hefur engum dóttið í hug að óreyndu, að prestur hafi svo lítið samband við sóknarbörn sín, að hann geti ekki *með sæmilegu móti gert sér grein* fyrir því, um hvað hefur verið samið í þessu tilfelli, og hver árangur hafi orðið af þeim samningum.


Svo hefði mátt álíta, að virkjun Svartár við Reykjafoss væri úr sögunni. Að minnsta kosti hafa ekki heyrst neinar raddir um það frá þeim, sem þarna ráða löndum, að virkjun væri aftur komin á *dagskrá, og engin orð hafa borist* frá landeigendafélaginu í Lýtingsstaðahreppi til Veiðivatna h.f. þess efnis að fiskiræktaráform í Svartá þyrfti að endurskoða vegna yfirvofandi virkjunar.

Hið væntanlega stífluvatn vegna virkjunar Svartár má svo vera tilhlökkunarefni prestsins á Mælifelli til eilífðarnóns, og sýnu *þykir honum það mikilsverðara* heldur en fallegasta undirlendi sveitarinnar, sem með virkjununni færi undir vatn, ásamt húsum og mannvirkjum. En það er ekki víst að allir sveitungar hans líti mál þetta sömu augum, þó að svo kunni að vera að einn mann vanti brú til viðbótar við þær fimm brýr, sem fyrir eru á ánni á skömmum kafla.

Til þess að skýra málið betur telur stjórn Veiðivatna h.f. skylt að taka fram eftirfarandi staðreyndir:

1. Í októbermánuði 1969 var gerður samningur um fiskirækt og fiskvegargerð í Svartá, ofan Reykjafoss, fiskiræktarsamningur til 8 ára og leigusamningur til 7 ára í viðbót. Að samningsgerð þessari stóð Félag landeigenda að Svartá í Lýtingsstaðahreppi *annars vegar en hins vegar* Veiðivötn h.f.
2. Veiðivötn h.f. hafa staðið við allar skuldbindingar sínar um fiskvegargerðina í Fossnesi við Reykjafoss og þessi lengsti fiskvegur á landinu var á s.l. sumri tekinn út og viðurkenndur af Veiðimálastofnuninni.
3. Veiðivötn h.f. hafa einnig staðið við allar skuldbindingar sínar um útsetningu laxaseiða í Svartá, ofan Reykjafoss, og reyndar ríflega það. Hefur þegar verið sleppt í Svartá, ofan Reykjafoss 10.000 laxaseiðum af sjógönguseiðastærð (umsamið magn var 8.000 seiði) og 45.000 sumaröldum laxaseiðum (umsamið magn var *40.000 seiði*). Öll þessi laxaseiði voru af úrvals laxastofnum, frá Laxá í Aðaldal, Blöndu og Þverá í Borgarfirði.
4. Veiðivötn h.f. hafa ætíð staðið í nánu sambandi við viðsemjendur sína, Landeigendafélagið að Svartá í Lýtingsstaðahreppi, bæði að því er varðar framkvæmd fiskvegargerðarinnar, fiskiræktina og einnig um virkjunarmálin í Svartá, þegar þau hefur borið á góma. Hefur sú samvinna verið bæði ánægjuleg og gagnleg.
5. Lax hefur að vísu enn ekki veiðst í Svartá, ofan við fiskveginn í Fossnesi við Reykjafoss. Hins vegar hefur sést lax í ánni ofan við stigann og í stiganum. Sönnun fyrir því að fiskvegurinn sé í fullu gildi og ágætlega nothæfur, eru þó sjógengnar bleikjur, sem fengist hafa í ánni um 20 km ofan við stigann.

Í greinarkorni sínu talar séra Ágúst Sigurðsson um Svartá sem fisklausa á. Hvers vegna var hann þá á síðasta ári að beita sér fyrir stofnun veiðifélags við ána fyrir ofan Reykjafoss ef svo var? Lágu til þess fyrst og fremst þær ástæður, sem í hávegum voru hafðar norður þar á s.l. sumri, að með stofnun veiðifélagsins væru hugsanlegt að hægt yrði að eyðileggja fiskiræktarsamninginn um Svartá við Veiðivötn h.f., eða a.m.k. að torvelda hann á einhvern hátt? Það skal játað að þetta eru kannski óþægilegar spurningar. En hvað kemur prestinum til á síðastliðnu sumri að hafa forgöngu um stofnum veiðifélags við Svartá, ef hún var fisklaus, eins og hann nú segir í greinarkorni sínu í Morgunblaðinu, til þess eins að reyna með slíkum rökum að réttlæta virkjunarframkvæmdir við Reykjafoss. Og heldur hann að bændur, neðan Reykjafoss, muni geta fallist á sjónarmið hans að áin sé fisklaus?



Fiskvegurinn við Reykjafoss.

Stjórn Veiðivatna vill taka það fram, að virkjunarmálin í Svartá við Reykjafoss eru mál heimamanna. Við þá ber að ræða um þessi mál, en ekki við Veiðivötn h.f. Sá orðrómur gengur nú að hafnar séu viðræður á milli virkjunaraðila og Veiðivatna h.f. Einkum er þessi orðrómur að verða útbreiddur á Sauðárkróki.

Hér er um algeran misskilning að ræða. Engar viðræður hafa átt sér stað s.l. 3 ár milli Veiðivatna h.f. og þeirra, sem berjast fyrir virkjun Svartár við Reykjafoss, að undanteknu lauslegu símtali, sem einn af varaþingmönnum Norðurlandskjördæmis vestra átti fyrir skömmu við formann stjórnar Veiðivatna h.f.

Stjórn Veiðivatna h.f. vill svo að lokum taka það fram, að hún ræðir við engan aðila annan en *Landeigendafélagið að Svartá í* Lýtingsstaðahreppi um mál þessi. Og stjórn Veiðivatna h.f. mun framvegis sem hingað til kappkosta að koma til móts við óskir viðsemjenda sinna í þessum málum, svo sem framast er unnt, eins og gert hefur verið hingað til í öllum atriðum.

Í stjórn Veiðivatna h.f.
Indriði G. Þorsteinsson, form.
Haukur Benediktsson
gjaldkeri
Jakob V. Hafstein
ritari.